

**Sp.**

**96. Tillaga til þingsályktunar**

[92. mál]

um fiskileit við Austfirði.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fram fara ýtarlega fiskileit úti fyrir Austfjörðum og verði sérstök áherzla lögð á leit að rækju, humar og skelfiski.

Fiskileit þessi verði gerð í samráði við Hafrannsóknastofnunina og samtök sjómanna og útvegsmanna á Austurlandi.

**Greinargerð.**

Mikill og vaxandi áhugi er nú að verða á því, að fiskvinnslustöðvar landsmanna geti verið í fullum og arðbærum rekstri allt árið. Sá tími er liðinn, að hægt sé að sætta sig við það, að dýrar fiskvinnslustöðvar séu reknar fáa mánuði á ári, eða aðeins þann tíma, sem mest veiðist af þorski.

Nú verður alls staðar að leita að möguleikum til þess að tryggja rekstur stöðvanna allt árið, og skiptir þar auðvitað mestu máli að leggja grundvöll að því, að fólkið, sem við fiskvinnslustöðvagnar vinnur, geti treyst á stöðuga vinnu. Þorskaflinn berst misjafnlega til stöðvanna. Sums staðar er um mikinn þorskafla að ræða á vetrarvertíð, en annars staðar er sumar- og haustafli góður.

Á sunnanverðum Austfjörðum getur vetrarafli verið mikill, en þegar dregur norðar á firðina, verður erfiðara að koma vetraraflanum þangað til vinnslu. Sumar- og haustafli er oft mikill á Austfjörðum og þá yfirleitt nægileg vinna á fiskvinnslustöðvunum.

Á nokkrum stöðum á landinu hefur tekizt allvel að auka verkefni við fiskvinnslu og lengja til muna starfstíma stöðvanna með því að taka upp vinnslu á rækju, humar eða skelfiski. Á Austfjörðum er rækjuvinnsla enn á frumstigi, og þar er engin skelfiskframleiðsla. Humarvinnsla er nokkur sunnan til á Austfjörðum.

Eins og háttar í fiskvinnslumálum á Austurlandi, er brýn þörf á því, að ýtarleg rannsókn verði gerð á möguleikum á því að stórauka þar vinnslu á rækju, humar og skelfiski. Fyrsti þáttur í slíkri athugun þarf að vera viðtæk fiskileit úti fyrir Austfjörðum, þar sem sérstaklega sé leitað að góðum rækjumiðum, ekki aðeins inni á fjörðum, heldur einnig úti fyrir landi. Miklar líkur eru til þess, að á Austfjarðarmiðum séu góð rækjumið, m. a. út af Héraðsflóa.

Þá þarf einnig að kanna betur en gert hefur verið humarmiðin við Suðausturland með það fyrir augum, að hægt yrði að vinna humar á fleiri stöðum en nú er.

Skelfiskframleiðsla fer nú vaxandi. Rannsaka þarf einnig skelfiskmagnið við Austfirði. Vitað er, að þar er víða að finna mikið magn af kúskel og kræklingi. Ef til vill er þar einnig hörpudiskur í svo ríku mæli, að hægt sé að hefja þar slíka vinnslu.

Þegar rannsókn hefur farið fram á fiskimiðunum við Austurland, þarf að athuga, hvaða framleiðsla mundi henta bezt og falla bezt saman við þann atvinnurekstur, sem fyrir er.

Þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, er við það miðuð að vekja athygli á miklu nauðsynjamáli. Æskilegast væri, að sú athugun, sem tillagan gerir ráð fyrir, geti farið fram á næsta ári.